

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

272. tbl - 6. árg.

28. september 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bak hjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Dýpkað í Rifi



Nú standa yfir dýpkunarframkvæmdir í innsta hluta hafnarinnar í Rifi. Þetta er annar áfangi af þremur. Áætlað er að dýpka höfnina um 5.000 rúmmetra, verk-taki er Sæþór ehf.

Í fyrsta áfanga sem var tekinn fyrr í sumar var dýpkað

með dælingu í innsiglingu og innan hafnar um 32.000 rúmmetrar, verktaki í þeim áfanga var Gáma- og tækjaleiga austurlands.

Þriðji og síðasti áfangi mun verða boðinn út síðar í haust.

Nýtt á sölu



Ólafsvík

Brautarholt 30 er byggt 2005 úr timbri og klætt utan með bárujárni og zedrusviði. Það er á einni hæð og er 157,3 fm auk bílskúrs sem er 40,9 fm. Brunabótamat hússins er alls kr 32,960,000. Það skiptist í forstofu, hol, stofu, fjögur herbergi, wc herbergi, baðherbergi, eldhús og þvottahús. Á forstofu, eldhúsi og þvottahúsi eru flisar og á holi, stofu, herbergjum er parket. Eldhúsinnréttingin úr birki og hluti tækja fylgir með í sölu hússins. Á baðherbergi eru flisar á veggjum og gólf og einnig er sturtuklefi og hornbaðkar. Hiti er í öllum gólfum. Við húsið er stór sólpallur úr zedrusviði og á pallinum er heitur pottur. Fyrir framan húsið á eftir að fullgera lóðina. Húsið er á hornlöð og úr því er gott útsýni. Verð: Tilboð



Ólafsvík

Vallholt 16 er byggt 1968 úr steypu. Húsið er 144,9 fm á einni hæð. Í húsinu er forstofa, hol, eldhús, stofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Á forstofu, sem er með góðum skápum, og baðherbergi eru flisar en á holi, stofu og herbergjum er parket. Á eldhúsi er dükur. Við húsið er sólstofa og sólpallur. Umhverfis lóðina sem er stór er nýlegt timburgrindverk og á lóðinni eru góð barnaleiktæki sem fylgja við sölu. Búið er að steypa sökklá fyrir 30 fm bílskúr. Ásett verð: 17,5 millj.

Sjá upplýsingar um eignir í Snæfellsbæ á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingfólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Blóðgjöfum fjölgar

Í síðustu viku var bíll frá Blóðbankanum á ferð um Snæfellsnes og kom við í Stykkishólmi, Grundarfirði og í Ólafsvík. Eins og áður hefur komið fram í Jökli þá voru frekar fáir sem gáfu blóð í Snæfellsbæ þegar bíllinn kom hingað í vor eða aðeins 17, til sam- burðar má geta þess að í Stykkishólmi gáfu 32 blóð og 33 í Grundarfirði.

Blóðgjöfum hefur fjölgað

umtalsvert í Snæfellsbæ því að í síðustu viku heimsóttu 32 bíllinn þar sem hann var staðsettur í Ólafsvík, Grundfirðingar hafa samt sem áður vinninginn en þar gáfu 39 blóð. Í Stykkishólmi voru blóðgjafar 31. Blóð- bankabíllinn kemur líklega ekki á Snæfellsnesið næst fyrr en næsta vor en þá þurfum við líka að vera dugleg að mæta og helst slá Grundfirðingum við.

KÆLIVER EHF
Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

*Vorum að taka upp nýjar vörur frá
Villa Collection*

* *Kertastjappar, vasar, lampar o.fl.*

* *Mikið úrval af kertum með og án ilms*

Verslunin Hrud
Ólafstraute 55
Sími: 436 1165



Þín verslun

Nýtt kjóttíboð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.



Verslunin Kassinn ehf.
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@thinverslun.is



Lægjum öldur

Undanfarin ár hefur staðið yfir endurskipulagning á rekstri Snæfellsbæjar og hefur því miður orðið að segja upp fólki vegna þessa. Sumir hafa ekki fengið endurráðningu og aðrir ekki fengið framlegingu á sínum samningum. Tilgangur endurskipulagningar hefur verið sá að auka skilvirkni, hagræðingu og ekki síst til að bæta þjónustu við íbúa.

Það mál sem hvetur Gunnar Örn til skrifta í síðasta tölublað Jökuls á sér töluverðan aðdraganda sem þarft er að rekja hér.

Í september 2005 var farið fram á það við starfsfólk í íþróttahúsinu í Ólafsvík að einn starfsmaðurinn færi tvisvar sinnum í viku í 4 tíma í senn í íþróttahúsið á Hellissandi. Starfsfólkið neitaði þessu og taldi sig vera ráðið við íþróttahúsið í Ólafsvík og þar að auki myndi álagið verða allt of mikið, en þess ber að geta að á sama tíma fór engin íþróttakennsla fram í Ólafsvík. Bæjarstjóri taldi að starfsfólkið ætti að seta þessari breytingu en starfsfólkið neitaði og sagði ekki myndu mæta á vaktinar. Haldinn var fundur með fulltrúum starfsmanna og formanni SDS til að reyna að ná sáttum í málinu sem endaði með því að fólkið gekk út af fundinum ásamt formanni. Rétt er að það komi fram að á fundinum hvessti töluvert, en það er ekki óvenjulegt þegar

menn takast á um kjarasamninga og framkvæmd þeirra. Tekin var ákvörðun um að segja starfsfólkinu upp með þriggja mánaða fyrirvara, þar sem ljóst lá fyrir að starfsfólkið vildi ekki setta sig við þær breytingar sem talið var nauðsynlegt að gera. Var uppsögnin miðuð við það að breytingarnar myndu taka gildi um leið og nýtt skólaár hæfist. Jafnframt var ákveðið að endurskipuleggja alla starfsemi í íþróttahúsum Snæfellsbæjar og sundlaug. Helstu breytingarnar felast í því að starfsfólkið í íþróttahúsinu vinnur eftir breytingar í Ólafsvík, á Hellissandi og yfir sumartímamann vinna þau í sundlauginni í Ólafsvík. Í sundlauginni er tekið upp vaktakerfi sem þýðir að þar þarf að fjölga starfsfólki. Auk þess þá eru allir starfsmenn ráðnir við íþróttamannvirki Snæfellsbæjar með mismunandi aðalstarfsstöð.

Á fundi sem haldinn var 4. júlí 2006 með Ögmundi Jónassyni formanni BSRB og fleirum kom Ögmundur inn á að þær breytingar sem Snæfellsbær ætlaði að gera myndu rúmast innan núverandi kjarasamnings og bæjarstjóri hefði átt að láta reyna á breytingarnar. Þessi afstaða var þveröfug við það sem formaður SDS hafði haldið fram nokkrum mánuðum áður. Eins og lesendur geta séð þá er ansi vandlifað við þessar aðstæður, þ.e. formaður BSRB var sammála því sem

bæjarstjóri hélt fram í september 2005 en formaður SDS ekki.

Í grein Gunnars Arnar heldur hann því fram að trúnaðarmanni starfsmanna hafi verið sagt upp sem er ákaflega merkilegt, því það var fyrst eftir fund þann 4. júlí með formanni BRSB sem því var haldið fram að trúnaðarmaður væri á vinnustaðnum. Allan starfstíma viðkomandi hefur hann aldrei komið fram sem fulltrúi starfsmanna og aldrei var tilkynnt til bæjarfélagsins eins og lög gera ráð fyrir að hann væri trúnaðarmaður, auk þess sem segir í lögum að þar sem eru fleiri starfsmenn en 5 skuli vera trúnaðarmaður en í þessu tilfelli voru starfsmenn íþróttahúss-

ins 4.

Að lokum þetta, það er ekkert gamanmál að segja upp starfsfólki og það gerir enginn nema brýn þörf sé talin á. Stundum þarf að fara í aðgerðir sem þessar til að breytingar geti orðið sem farsælastar á vinnustöðum enda sé það talið þjóna hagsmunum heildarinnar og skila sér í betri þjónustu við íbúa bæjarfélagsins. Ég vona að nú lægi öldur í þessu máli og bæjarfulltrúum og bæjarstjóra beri gæfu til að vinna nú saman að því markmiði okkar allra að gera Snæfellsbæ að enn betri bæ.

Ásbjörn Óttarsson

Forseti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í porti gamla frystihússins

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

Krabbameinsfélag Snæfellsness

Nú er ár síðan að Krabbameinsfélag var endurvakið á Snæfellsnesi og hlaut nafnið Krabbameinsfélag Snæfellsness. Félagið starfar eins og önnur aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands og eru félagsmenn af öllu Snæfellsnesi. Mikilvægt er að sem flestir sjái sér fært að leggja félaginu lið. Með því að skrá sig í Krabbameinsfélag Snæfellsness og greiða árleg félagsgjöld - nú 1500.- krónur - er hægt að gerast styrktarfélagi. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði Herdís Pálsdóttur í síma 6604221 eða Sveinbjörgu Eyvindsdóttur í síma 8665237.

Fyrstu helgina í september 2006 fór hin árlega pennasala Krabbameinsfé-

lagsins fram. Var mjög ánægjulegt hve íbúar Snæfellsness tóku vel á móti söfnurum og viljum við færa þeim þakkir fyrir það. Alls söfnuðust rúmlega 600.000.- krónur sem verða notaðar til að styrkja og styðja við krabbameinssjúklinga á Snæfellsnesi.

Eins og undanfarin ár verður október helgaður brjóstakrabbameini og munu bleikar slaufur ásamt söfnunarboxum fyrir frjáls framlög liggja frammi á heilsugæslustöðvum og lyfjaverslunum á Snæfellsnesi. Bleiku slaufurnar eru hluti af alþjóðlegu árveknisátaki og eru ókeypis.

Stjórnin.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylga@bylgja.is

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Annar bekkur í hjólaferð



Krakkarnir með umsjónarkennara við heimkeyrsluna á Gufuskálum

Síðastliðinn miðvikudag, 20. september fór 2. bekkur í Grunnskóla Snæfellsbæjar, í hjólaferð. Hjólað var ásamt umsjónarkennara bekkjarins í lögreglufylgd frá skólanum á Hellissandi að Gufuskálum. Á Gufuskálum var farið í leiki og hjólað þar um göturnar og snætt nestið í laut í hrauninu. Þetta var mjög skemmtilegur dagur og athyglisvert var að flest barnanna nýttu hjálmana

sem Kiwanisklúbburinn í Snæfellsbæ gaf þeim í vor. Næstu daga munu verða unnin verkefni, hjá bekknum, tengd hjólaferðinni.

Umsjónarkennari bekkjarins er Guðrún Anna Oddsdóttir. Hún og nemendurnir vilja þakka lögreglunni á Snæfellsnesi, Sæmundi hjá Áhaldahúsinu og skólaláttjórunum fyrir alla hjálpinu við þetta skemmtilega ferðalag.

Til leigu

Lítið einbýlishús til leigu á Hellissandi. Upplýsingar veitir Sigprúður í síma 8697225.

Til leigu

Til leigu er lítil íbúð á Hellissandi, leigist á 45.000 rafm innifalið, og stór íbúð með bílskúr, á Rífi, leigist á 65.000. Báðar lausar strax. Einnig til leigu 56 m2 bílskúr í Ólafsvík. Upplýsingar í síma 896 3867 Kristján.

Getraunir

Áskorendaleikurinn fór í gang um síðustu helgi þar sem Bylgjan var með 11 rétta en Gunnar Bjarnason með 8 rétta. Gunnar Bjarnason skorar á Guðmund Jenson.

Hópleikurinn fer af stað um þar næstu helgi, en hægt

er að mæta um næstu helgi og skrá hópa og æfa sig í leiðinni. Opið 10.00 til 13.00 á Hótel Ólafsvík laugardag.

Áfram Víkingur Stjáni Tótu.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



KB-banki hefur opnað þjónustu- og ráðgjafaskrifstofu að Ólafsbraut 34 í Snæfellsbæ, sími 444 8990.

Opið alla þriðjudaga 12.15 - 16.30.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

GREIÐSLUÁSKORUN

NÚ HAFI ALLIR GJALDDAGAR
FASTEIGNAGJALDA FYRIR 2006
FALLIÐ Í EINDAGA.

SKORAÐ ER Á ÞÁ SEM EKKI HAFI GERT
SKIL AÐ GERA SKIL HIÐ FYRSTA
TIL AÐ KOMAST HJÁ
INNHEIMTUADGERÐUM OG KOSTNÐI.

bæjarritari

INGJALDSHÓLSKIRKJA

SUNNUDAGINN 1. OKTÓBER


Messa með altarisgöngu kl. 11:00

Sunnudagaskólinn á sama tíma.

Þau börn sem eiga eftir að fá kirkjumöppur
vetrarins eru hvött til að sækja þær.

Komum saman í kirkjunni til
fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur



Áhugafólk um leiklist
Ha! Sex í sveit?

Framundan er uppsetning á leikriti hjá
Leikfélagi Ólafsvíkur í tilefni 50 ára afmælis félagsins.

Áætlað er að byrja æfingar fljótlega í október.


Mánudaginn 2. okt mun stjórn leikfélagsins hitta
alla þá sem áhuga hafa að leika eða taka þátt
í öðrum störfum við leikritið.

Ef þú ert til í að starfa með okkur að sýningunni,
væri okkur ljúft að fá þig til liðs.

Hittumst sem flest í Röstinni
mánudaginn 2.okt kl.20.00

Stjórnin

BLAKDEILD VÍKINGS



Blakæfingar karla hefjast
mánudaginn 2. október.

Æfingar verða mánudaga og
miðvikudaga kl. 20:45 - 22:15

Þjálfari er Jóhanna Jónasdóttir

Byrjendur og lengra komnir velkomnir.

Blakdeild Víkings



Ólafsvíkurkirkja

Sunnudagaskóli

Sunnudagaskóli verður í Ólafsvíkurkirkju
sunnudaginn 1. október nk. kl. 11.00.

Mömmumorgnar/foreldramorgnar

Mömmumorgnar/foreldramorgnar verða haldnir

alla fimmtudagsmorgna frá kl. 10.00-12.00

í safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

Fyrsta stund er 28. september nk.

Allir velkomnir

Sóknarprestur